

Borgarstjórn Reykjavíkur
24. júní 2025

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mótun stefnu um stæði fyrir stóra bíla í borgarlandinu

Borgarstjórn samþykkir að starfshópur verði skipaður sem hafi það hlutverk að leggja til breytingar á reglum, verkferlum og öðrum þáttum í því skyni að tryggja skilvirka lagaframkvæmd við fjarlægingu ökutækja og lausamuna sem hafa án heimildar verið um langa hríð í borgarlandinu. Starfshópurinn skal einnig móta stefnu um stæði fyrir stóra bíla og með hvaða hætti sé hægt að tryggja nægilegt framboð af slíkum stæðum í hverfum borgarinnar. Skrifstofa borgarstjórnar í samráði við viðeigandi fagaðila borgarkerfisins skal skipa starfshópinn. Starfshópurinn tekur til starfa eigi síðar en 15. ágúst 2025 og skal ljúka störfum fyrir árslok 2025.